



Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Berglind Kristjánsdóttir kennari, Ásta Einarsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Helena Guðjónsdóttir foreldri, Laufey Einarsdóttir starfsmaður, Thelma Lind Karlsdóttir, nemandi í 10. bekk og Daði Einarsson, nemandi í 10. bekk, Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari)  
Fyrir Háaleitisskóla: Jón Haukur Hafsteinsson kennari

1. Ásgerður fór yfir niðurstöður samræmdu prófanna í skólunum. Mjög góðar niðurstöður hjá nemendum í Njarðvíkurskóla en nemendur voru yfir landsmeðaltali í 6 prófum af 7. Fundarmenn voru mjög ánægðir með niðurstöðurnar og var rætt um að þetta er samstarfsverkefni allra, nemenda, foreldra og kennara.
  - a. Í framhaldi af þessu var rætt um próftöflu sem er sett upp á haust og vorönn fyrir 7.-10. bekk til að auðvelda nemendum skipulagningu fyrir próf. Ekki er heimanám í prófavíku
  - b. Thelma spurði um tilgang heimanáms og var farið yfir það með fundarmönnum
2. Ásgerður fór yfir verklagsreglur varðandi tilkynningar um grun um einelti sem eineltisteymi skólans hefur unnið.
3. Rætt um forvarnir sem hafa verið í skólanum á þessu skólaári og hvað er væntanlegt.
  - a. Rafrænt einelti – Helga Lind kynnti bæði fyrir nemendum og foreldrum. Flott kynning fyrir nemendur skv. Thelmu og Daða.
  - b. Þemadagur 8. Nóvember var unnið að vináttu og fengum við kynningu á dansi (ballett og nútímadans) frá BrynBallett. Frábært framtak sem nemendur voru mjög ánægðir með.
  - c. Marita – fræðsla fyrir 8.-10. bekk og 5. bekk og fyrir foreldra þessara aldurshópa. Flott fræðsla og ræddu bæði Thelma og Daði um hversu vel fyrirlesari hefði náð til áhorfenda.
  - d. Kynfræðsla – stefnt að því að fá Siggú Dögg með kynfræðslu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk eftir áramót.
  - e. Ásta og Helena ræddu um að það vantar fræðsluerindi fyrir nemendur sem fjallar um gleði og var rætt um að ef fundarmenn fá góðar hugmyndir af slíkri fræðslu þá ættu þeir að koma þeim til stjórnaenda sem eru jákvæðir fyrir því.
4. Önnur mál:
  - a. Ásgerður upplýsti fundarmenn um forritunarkennslu í valáfanga hjá Huldu H. hjá 9. Og 10. Bekk sem verður eftir áramót og vísar í kennsluáætlun fyrir valgreinina.
  - b. Rætt um notkun iPad-a í kennslu og sögðu nemendur og Ásgerður frá verkefnum sem er verið að vinna með í skólanum í iPad kennslu en nokkrir kennarar eru komnir af stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð